

* Frávísun

Tollstjóri endurákvörðar spilliefnagjald vegna þess að þyngd vöru var ekki rétt tilgreind á aðflutnings skjölum. Kærandi telur að varan hafi ekki verið rétt tollflokkuð og gerir athugasemdir við innheimtu vaxta vegna vangreiddra gjalda. Ríkistollanefnd vísar málinu frá.

Úrskurður nr. 2/2001.

Með bréfi, dags. 5. mars 2001, sem barst nefndinni þann 7. s.m, kærir A, endurákvörðun tollstjóra, af sendingu nr. S HEG 07 07 9 DK CPH W034, frá 8. janúar 2001. Kærandinn er flutningsaðili en innflytjandi er B. Endurákvörðunin er til komin vegna þess að tilgreind var röng þyngd vöru á tollskýrslu en þyngdin er forsenda fyrir útreikningi spilliefnagjalds auk þess sem vaxta er krafist af vangreiddum gjöldum.

Kærandi telur hins vegar að hluti af sendingunni hafi ekki verið rétt tollflokkaður þ.e “AD308MF SAFT/CIPEL batteri 100 stk.” Um sé að ræða frumrafhlöður (ekki hægt að endurhlaða), uppistaðan í þeim sé “ZINKOXOYGERN” þannig að sinkið sé það efni sem eyðist eins og í venjulegum frumrafhlöðum. Telur kærandi að þessi vara eigi að tollflokkað í tnr. 8506.6000. Þá telur hann vafa leika á að innheimta hefði átt dráttarvexti vegna vangreiddra gjalda.

Í hinni kærðu endurákvörðun tollstjóra segir m.a. að hann telji gjaldstofn fyrir útreikningi spilliefnagjalds ekki réttan. Nota hefði átt nettóþyngd vörunnar, til útreiknings, með tveimur aukastöfum í lítrasvæði vörulínu, þ.e. sömu þyngd og notuð var í svæði nettóþyngdar án aukastafa. Þegar þyngd vöru er gjaldstofn hennar skal nota raunþyngd vörunnar. Er því að mati embættisins um vangreidd aðflutningsgjöld að ræða vegna þessarar sendingar. Tollstjóri ákvarðar gjöld af sendingunni með vísan til 1. mgr. og 3. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987. Með vísan til 3. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga sé heimilt að ákvarða gjöld sex ár aftur í tímann sé um að ræða svokallaða SMT-tollafgreiðslu en umrædd sending hafi verið tollafgreidd sem slík. Upphæðir vangreiddra aðflutningsgjalda vegna sendingarinnar séu eftirfarandi:

BH-spilliefnagjald	kr. 154.380,00
BB-spilliefnagjald	kr. 13.000,00
Virðisaukaskattur	kr. 41.008,00
Dráttarvextir til 8.01.01	<u>kr. 56.215,00</u>
	kr. 264.603,00

Dráttarvextir reiknast frá tollafgreiðsludegi til greiðsludags, sbr. 7. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum og 10. gr. reglugerðar nr. 61/1989, um greiðslustað, gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum, með síðari breytingum.

Tollstjóranum í Reykjavík var send kæran, með vísan til 4. mgr. 101. gr. laga nr. 55/1987 með síðari breytingum, til umsagnar með bréfi þann 8. mars s.l. Í svari sem barst nefndinni þann 26. s.m. segir m.a. að upphafleg gögn vegna þessarar tollafgreiðslu hafi verið send með tölvuskeyti þann 6. september 1999. Tollflokun vörunnar í því skeyti hafi verið á þá leið að lína 1 (SUN 24-2) var flokkuð sem rafhlöður í tnr. 8506.6000 og lína 2 (AD308MF) sem rafgeymar í tnr. 8507.3001. Þá þegar hafi embættið gert athugasemd við innflytjanda að nettóþyngd vantaði. Daginn eftir hafi borist leiðrétting, en tollstjóri gert enn athugasemd við þyngdina og einnig athugasemd við tollflokun, þ.e. að vörur í línu 1 flokkist í tnr. 8507.3009 og vörur í línu 2 í tnr. 8507.8091. Umboðsaðili innflytjanda, X flutningar, sendu leiðréttingu í samræmi við athugasemdir tollstjóra þann 21. sama mánaðar og var sendingin tollafgreidd þann sama dag. Engin athugasemd var gerð við tollflokun af hálfu innflytjanda eða umboðsaðila hans, né heldur var óskað úrskurðar tollstjóra eins og eðlilegt hefði verið væri um að ræða ágreining vegna tollmeðferðarinnar. Því verði að líta svo á að fyrirtækið hafi fallist á athugasemdir embættisins um tollflokun vörunnar. Þá segir að innflytjanda, B, hafi verið tilkynnt með bréfi þann 8. desember 2000 um fyrirhugaða endurákvörðun embættisins þar sem gjaldstofn spilliefnagjalds, nettóþyngd, hafi verið röng. Var honum veittur 15 daga frestur til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Ekki bárust athugasemdir frá innflytjanda innan veitts frests. Innflytjanda, B, var tilkynnt um endurákvörðunina með bréfi þann 8. janúar 2001. Þá segir að embættinu hafi borist bréf frá A, dagsett þennan sama dag, þar sem fyrirtækið tekur að sér að aðstoða B við að svara bréfi tollstjóra frá 8. des. Þá fyrst hafi komið fram ágreiningur um tollflokun, en í nefndu bréfi sé því haldið fram að varan SUN 24-2 ætti að tollflokkað í tnr.8507.3001 en flokkun á AD308MF sé óbreytt, þ.e í tnr. 8507.8091. Tollstjóri svaraði erindin A með bréfi, dags.12. febrúar s.l. Í því kemur m.a. fram að þrátt fyrir að frestur til að andmæla endurákvörðuninni sé löngu liðinn hafi embættið ákveðið að kanna hvort einhver rök væru til að henni yrði breytt og var óskað eftir frekari gögnum í því skyni. Þau gögn bárust ekki. Þá segir að fyrirtækið A hafi með bréfi, dags. 13. febrúar s.l., afturkallað fyrra bréf frá 8. janúar, vegna nýrra upplýsinga um vöruna. Í nefndu bréfi er því haldið fram að varan SUM24-2 ætti að flokkað

í tnr. 8507.3009. þ.e. óbreytt frá tollafgreiðslu en varan AD308MF í tnr. 8506.6000 þar sem um sé að ræða frumrafhlöður. Tollstjóri krefst þess að kærinni verði vísað frá þar sem ekki sé um ágreining um endurákvörðunina að ræða. Kærandi mótmæli því ekki að nettóþyngd hafi verið ranglega tilgreind, né heldur málsmeðferð eða öðrum efnisatriðum endurákvörðunarinnar. Til vara krefst tollstjóri þess að kærinni verði vísað frá þar sem ágreiningsefnið, þ.e tollflokkun vörunnar, hafi ekki sætt efnislegri úrlausn hjá tollstjóra. Þá bendir tollstjóri á að ekki komi fram í kæru A til ríkistollanefndar að fyrirtækið kæri fyrir hönd innflytjanda en þar sem endurákvörðunin beinist að innflytjanda en ekki umboðsmanni hans telur tollstjóri að innflytjandinn einn hafi kæruheimild í þessu máli skv. 1. mgr. 101. gr. tollalaga nr. 55/1987, sbr. breytingu með a-lið 16. gr. 1. kafla laga nr. 155/2000.

Kæranda var send greinargerð tollstjóra í málinu þann 27. mars 2001. Í svari sem barst nefndinni þann 5. apríl s.l. segir m.a. að það sé rétt sem fram komi hjá tollstjóra að gjaldtaka spilliefnagjalds vegna þessarar tollafgreiðslu hafi verið röng. Ástæða þess sé sú að hjá tollstjóra hafi verið gefnar mjög misvísandi upplýsingar til innflytjanda um hvort ætti að reikna gjaldið af þunga þess vökva sem rafgeymar taka eða af einingartölu þeirra. Telur kærandi bæði þessi tilvik röng og kveðst hafa komið leiðréttingum um það til tollstjóra. Kærandi segir það rétt sem komið hafi fram að þyngd sú sem skráð var á tollskýrsluna hafi ekki verið rétt en telur að falla hefði átt frá endurákvörðuninni, þar sem tollstjóri hafði allar upplýsingar um vöruna hjá sér þegar skýrslan var tollafgreidd og mátti því vita að skýrslan var ekki rétt. Því sé ekki tilefni til að innheimta dráttarvexti vegna vangoldinna gjalda. Þá mótmælir kærandi því sem fram kemur í kröfugerð tollstjóra að innflytjandi einn hafi kæruheimild. Vitnar kærandi til 4. gr. reglugerðar nr. 858/2000 og óskar eftir því að fá á hreint hver eigi að fá endurákvörðun þegar aðflutningsgjöld séu skuldfærð á umboðsaðila.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og farið yfir þau gögn sem málsaðilar hafa lagt fram. Þrátt fyrir að málatilbúnaður kæranda sé fremur óskýr verður ekki annað lesið út úr gögnum málsins en að ekki sé ágreiningur um endurákvörðun tollstjóra vegna innflutnings sendingar á sendingarnúmeri S HEG 07 07 9 DK CPH W034. Endurákvörðunin er til komin vegna þess að þyngd vöru var ranglega tilgreind á aðflutningsskýrslu. Kærandi telur að tollflokkun á nefndri sendingu sé röng og biður ríkistollanefnd "*.... að taka á því hvort æskilegt sé af tollstjóra að taka dráttarvexti af vangreiddum gjöldum þar sem ekki er komin rétt tollflokkun á vöruna og að embættið hafi haft öll gögn þegar tollafgreiðslu var hleypt í gegn af embættinu*" eins og segir orðrétt í kærinni. Ríkistollanefnd er ekki heimilt að taka til efnislegrar umfjöllunar önnur mál en sætt hafa efnislegri úrlausn tollstjóra, sbr. 1. mgr. 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum. Ríkistollanefnd getur því ekki orðið við beiðni kæranda um að taka til skoðunar tollflokkunarmál sem ekki hafa fengið efnislega umfjöllun og hvort og þá hvernig nefndarmönnum lístist á dráttarvaxtatöku af vangreiddum gjöldum. Tollstjóri gerir aðallega kröfu um að málinu verði vísað frá, þar sem ekki er um ágreining um endurákvörðun að ræða. Til vara er krafist frávísunar, þar sem ágreiningsefnið tollflokkun, hefur ekki sætt efnislegri úrlausn hjá tollstjóra. Að lokum bendir tollstjóri á að innflytjandinn einn, þ.e. B, hafi kæruheimild í málinu. Að mati ríkistollanefndar er ekki ástæða til að draga í efa umboð kæranda A til að kæra, f.h. B, og fara með málið fyrir þeirra hönd gagnvart ríkistollanefnd. Um töku dráttarvaxta almennt fer skv. vaxtalögum nr. 25/1987, með síðari breytingum, sbr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987 með áorðnum breytingum og 10. gr. reglugerðar nr. 61/1989, um greiðslustað, gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum, með síðari breytingum. Fyrir liggur að aðalkrafa kæranda um úrskurð um tollflokkun sendingar S HEG 07 07 9 DK CPH W034 hefur ekki sætt formlegri efnislegri meðferð hjá tollstjóra eins og tollstjóri bendir réttilega á. Þegar af þessari ástæðu ber að vísa máli þessu frá ríkistollanefnd. Samkvæmt framanrituðu úrskurðar ríkistollanefnd með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum að máli þessu sé vísað frá.